



Borgarráð

**Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lóðarleigusamninga Reykjavíkurborgar**

Á fundi borgarráðs þann 3. febrúar sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Nýlegar voru gerðir samningar við olíufélögin þrjú um byggingarrétt á bensínstöðvum fyrir milljarð króna. Var það gert óháð því hvort viðkomandi bensínstöð væri með útrunninn lóðarleigusamning eða hvort langur leigutími væri eftir. Á sama tíma hefur Malbikunarstöðinni Höfða verið gert að skila atvinnulóð sinni í Reykjavík án endurgjalds og þurft auk þess að skila fasteignum sínum til borgarinnar án endurgjalds. Hversu margar fasteignir í Reykjavík eru með gildan lóðarleigusamning við Reykjavíkurborg? Þá er enn fremur óskað eftir upplýsingum um hversu margar fasteignir í Reykjavík eru með lóðarleigusamning við Reykjavíkurborg sem er útrunninn? Að endingu er óskað eftir hversu margar fasteignir í Reykjavík eru með engan lóðarleigusamning við Reykjavíkurborg?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 9. febrúar 2022.

Svar við fyrirspurn:

Ekki er til tölfræði yfir fjölda lóðarleigusamninga sem gerðir hafa verið um fasteignir í Reykjavíkurborg. Þá er ekki vitað hversu margir af þeim samningum eru útrunnir. Langflestar lóðir í Reykjavíkurborg eru í eigu borgarinnar en einhverjar lóðir elsta hluta borgarinnar, líkt og miðbæ, gamla vesturbæ eru í einkaeigu, en ekki er til tölfræði um skiptingu lóða.

Aðeins lítill hluti lóða í eigu Reykjavíkurborgar hafa ekki þinglýstan lóðarleigusamning, það eru fyrst og fremst nýlega úthlutaðar lóðir sem ekki hafa þinglýstan samning.

Þorsteinn Gunnarsson

borgarritari